

Ár 2025, miðvikudaginn 10. september kl. 16:30 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 4/2025

Knattspyrnudeild Þróttar V.

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 19. ágúst 2025, þar sem Knattspyrnudeild Þróttar V. var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 200.000,- til KSÍ vegna vítaverðrar háttsemi áhorfanda félagsins sem fólst í því að hrækja á aðstoðardómara eftir leik félagsing gegn KFG í 2. deild karla þann 13. júní 2025.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 22. ágúst sl. þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar verði felldur úr gildi.

II

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var áfrýjanda gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 200.000,- vegna háttsemi áhorfanda síns eftir leik Þróttar V. gegn KFG í 2. deild karla þann 19. ágúst sl. Í skýrslu eftirlitsmanns til aga- og úrskurðarnefndar er að finna eftirfarandi lýsingu:

„AD2 varð fyrir því að hrækt var á hann úr stúkunni þegar hann gekk af leikvelli. Mun þar hafa verið á ferð stuðningsmaður aðkomuliðs. Framkv.stj. Þróttar V. kom inn í búningssklefa dómara eftir leik og baðst afsökunar á þessari hegðun og ætluðu þeir að reyna að hafa uppi á viðkomandi.“

Dómari leiksins minntist einnig á atvikið í skýrslu til aga- og úrskurðarnefndar þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

„Hráka frá stuðningsmanni Þróttar V. eftir leik

Nokkur hiti var í kjölfar leiks KFG og Þróttar en atvik átti sér stað þegar dómaratrió-ið var að ganga til klefa á Samsung-vellinum. Stuðningsmaður Þróttar V. skyrpti þá til okkar en hrákan hæfði AD2[...]

Framkvæmdastjóri Þróttar kom til okkar eftir leik og sagðist hafa heyrt af atvikinu. Tilkynnti okkur að þeir könnuðust ekki við kauða en sagði jafn framt að ljósmyndari hefði verið á staðnum. Hann hugðist hafa samband við hann til að athuga hvort hægt væri að nota efni frá honum til að auðkenna viðkomandi[...]“

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vísar til þess í hinum kærða úrskurði sérhvert aðildarfélag beri ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og geti sætt viðurlögum vegna framkomu þeirra sbr. gr. 5.10 í lögum KSÍ. Í hinum kærða úrskurði er sú háttsemi að hrækja á aðstoðardómara leiksins heimfærð undir d-lið gr. 13.9 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og áfrýjanda gert að sæta sekt fyrir vítaverða háttsemi áhorfanda.

Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í a- til e-liða gr. 17.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt b-lið gr. 17.2. er heimilt að skjóta úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-.

III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli er gerð sú krafa að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur úr gildi. Áfrýjandi vísar til þess að þegar atvikið átti sér stað hafi ekki verið mögulegt fyrir áfrýjanda að bregðast við á staðnum eða veita upplýsingar um geranda því fyrirsvarsmenn áfrýjanda hafi ekki þekkt viðkomandi. Áfrýjandi upplýsir í greinargerð sinni um þann sem viðhafði þá háttsemi sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns og dómara. Samkvæmt greinargerð áfrýjanda hefur viðkomandi mætt á þrjá leiki hjá félaginu og er ekki hluti af liðinu, sjálfboðaliðum eða stuðningsmannahópi sem mætir á flesta leiki til að styðja sitt félag. Að sögn áfrýjanda tengist viðkomandi fjölskylduböndum eins leikmanns áfrýjanda.

Áfrýjandi vísar jafnframt til þess að um hafi verið að ræða heimaleik KFG og því ekki verið á valdi áfrýjanda að grípa til aðgerða á vettvangi. Að sögn áfrýjanda var engin gæsla á leiknum og til þess vísað að framkvæmd og öryggi leiksins sé á ábyrgð heimaliðs skv. reglum KSÍ. Áfrýjandi kveðst leggja áherslu á umgjörð og öryggi á heimaleikjum sínum og að atvik sem þetta gæti ekki átt sér stað á þeirra heimavelli. Með vísan til þessa byggir áfrýjandi á því að það sé ósanngjarnt að félagið sæti sekt vegna aðila sem ekki var vitað hver var, var ekki undir þeirra stjórn og tengist félaginu hvorki skipulagslega né beint. Þá bendir áfrýjandi á að málið hafi fengið umfjöllun í fjölmiðlum sem hafi haft í för með sér neikvæð áhrif á orðspor félagsins.

Að lokum lýsir áfrýjandi því yfir að málið sé alvarlegt og að áfrýjandi fordæmi þá háttsemi sem um ræðir en í ljósi þess að félagið hafi ekki haft forsendur til inngrips og ekki haft raunhæfa

möguleika til að bregðast við sé farið fram á að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur úr gildi.

IV

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins.

Með vísan til gr. 5.10 í lögum KSÍ bera aðildarfélög ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og geta sætt viðurlögum samkvæmt lögum og reglum KSÍ vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þeirra.

Samkvæmt d-lið gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál er heimilt að sekta aðildarfélag um að lágmarki kr. 200.000,- gerist áhorfandi sekur um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart dómurum.

Samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd um þau atriði sem koma fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að aðilar hafi heimild til þess að gera skriflega athugasemd við brottvísun/athugasemd sem á í hlut hverju sinni og eftir atvikum leggja fram önnur gögn, sbr. gr. 6.4. Þá kemur fram í gr. 6.5 framangreindrar reglugerðar að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum en ef vafi leiki á atvikum sé m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga. Af framangreindu leiðir að meginreglan er sú að aga- og úrskurðarnefnd ber að styðjast við skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns.

Samkvæmt skýrslum eftirlitsmanns og dómara hrækti áhorfandi áfrýjanda á aðstoðardómara að leik loknum. Áfrýjandi hefur ekki mótmælt þeirri háttsemi sem þar er lýst. Með vísan til framangreinds telur Áfrýjunardómstóll KSÍ liggja ljóst fyrir að hrækt hafi verið á aðstoðardómara í umræddum leik. Dómurinn telur að sú háttsemi að hrækja á aðstoðardómara leiksins feli í sér vítaverða framkomu í skilningi d-liðar gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum málsins er það mat dómsins að um hafi verið að ræða áhorfanda áfrýjanda í skilningi fyrrgreindra ákvæða laga og reglugerða KSÍ. Fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og í áfrýjun áfrýjanda er því ekki mótmælt að viðkomandi aðili hafi verið áhorfandi félagsins í umræddum leik heldur byggt á því að hann sé ekki hluti af stuðningsmannahópi sem mæti á flesta leiki félagsins og ekki hafi verið unnt fyrir áfrýjanda að koma í veg fyrir háttsemina þar sem um heimaleik KFG var að ræða. Að mati dómsins eru fyrrgreind ákvæði laga og reglugerða KSÍ almenn og gera ekki greinarmun á því hvort um sé að ræða heima- eða útileik eða hvort áhorfandi sé hlut af stuðningsmannahópi sem sækir flesta leiki félagsins.

Með vísan til framangreinds er hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar, um sekt áfrýjanda að fjárhæð kr. 200.000,-, staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er staðfestur.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]